



Lykilupplýsingar fyrir Verðbréfaleið

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og gerð í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Verðbréfaleið

Verðbréfaleið er fjárfestingarleið starfrækt af Lífeyrissjóð verzlunarmanna (kt. 4302694459) (hér eftir nefndur „LV“), Kringlan 7, 103 Reykjavík. Nánari upplýsingar um Verðbréfaleið eru á live.is, í síma 580 4000 eða á live@live.is. LV er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lykilupplýsingar miðast við. 31. desember 2024.

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Verðbréfaleið er fjárfestingarleið fyrir séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Verðbréfaleið er uppsöfnunarsjóður sem felur í sér að arður og annar hagnaður af eignum sjóðsins er endurfjárfestur.

Verðbréfaleið er fjárfestingarleið sem var opin fyrir nýjum sjóðfélögum fram til 1. júlí 2017. Sjóðfélögum sem eiga lífeyrissparnað í Verðbréfaleið er heimilt að flytja eign sína í Ævileið I, II eða III en ekki er heimilt að flytja eignir úr Ævileiðum yfir í Verðbréfaleið.

Líftími

Verðbréfaleið er lokaður séreignarsjóður án skilgreinds líftíma. Áskilnaður er um að Verðbréfaleið kann að vera slitið eða breytt við tiltekna ástæður og má finna nánari upplýsingar í fjárfestingarstefnu og samþykktum LV.

Markmið

Markmið fjárfestingarleiðar er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga með blönduðu safni verðbréfa. Verðbréfaleið horfir einkum

til lengri tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Markmið fjárfestingarleiðar er að skila góðri langtímaávöxtun með skilvirkri eignadreifingu.


Verðbréfaleiðin fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sameignardeild LV. Verðbréfaleið hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Heimilt er að fjárfesta bæði í innlendum og erlendum verðbréfum. Nánari útlistun á gildandi fjárfestingarstefnu er að finna á [vef sjóðsins](#).

Fyrir hverja er Verðbréfaleið?

Fjárfestingarafurðin er ætluð þeim sem geta staðist sveiflur sem alla jafna verða í ávöxtun á ofantöldum fjármálagerningum. Hún gæti verið óhentug fyrir fjárfesta sem hyggjast fjárfesta til skemmri tíma en 7 ára.

Hver er áhættan og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættuvísir veitir leiðbeiningu um hverskonar áhætta felst í afurðinni samanborið við aðrar afurðir. Verðbréfaleið fellur undir áhættuflokk 3 en gengi undirliggjandi verðbréfa er háð markaðsaðstæðum og getur tekið breytingum á skömmum tíma. Áhætta fjárfestingarleiðarinnar veltur bæði á ávöxtun undirliggjandi eigna sem og gjaldmiðlaáhættu vegna fjárfestinga í erlendum eignum.

Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið. Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að

breytast með tímanum. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð og fjárfestir getur tapað allri fjárfestingu í fjárfestingarleiðinni. Fjárfestir ber ekki ábyrgð á neinum viðbótar-skuldbindingum vegna fjárfestingar í fjárfestingarleiðinni. Áhætta getur verið meiri en í flokki 3 þegar afurð er ekki haldið út ráðlagðan fjárfestingartíma.

Eftirfarandi áhættuþættir eru fólgnir í undirliggjandi fjármálagerningum afurðarinnar:

Seljanleikaáhætta/lausafjárahætta: Áhættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu á eignasafni sjóðsins með takmörkuðum kostnaði eða innan ásættanlegs tímaramma. Áhættuvísirinn fangar ekki slíka áhættu.

Gjaldmiðlaáhætta: Ef tiltekinn fjármálagerningur er gefinn upp í erlendum gjaldmiðli er virði hans háð gengissveiflum.



Árangurssviðsmynd Verðbréfareiðar

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar, sem gæti einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka. Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu og hversu lengi þú heldur fjárfestingunni. Markaðsþróun í framtíðinni

er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmi. Svíðsmyndirnar hér að neðan eru mat á mögulegum framtíðarárangri þessarar afurðar og eru byggðar á sögulegum gögnum sl. 12 ár. Markaðir gætu átt eftir að þróast með frábrugðnum hætti í framtíðinni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við öfgakenndar markaðsaðstæður. Svíðsmyndirnar miða við fjárfestingu á árunum 2013 til 2025.

Ráðlagður fjárfestingatími: 7 ár Dæmi um fjárfestingu 100.000 kr		Ef þú gengur út eftir:	
		1 ár	7 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	61.825 -38,17%	503.641 -8,24%
Óhagstæð sviðsmynd ¹	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	100.899 0,90%	881.991 5,78%
Hófleg sviðsmynd ²	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	109.165 9,17%	1.000.547 8,94%
Hagstæð sviðsmynd ³	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	117.187 17,19%	1.133.253 12,07%
Fjárhæð fjárfest til lengri tíma		100.000	700.000

1. Óhagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu júlí 2021 til júlí 2022

2. Hófleg sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu apríl 2023 til apríl 2024

3. Hagstæð sviðsmynd, 1 ár. Þessi tegund sviðsmyndar átti sér stað á tímabilinu desember 2018 til september 2019

Hvað gerist ef Verðbréfareið getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef LV getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta vegna óviðráðanlegra aðstæðna á fjármálamörkuðum, en það er stefna fjárfestingarleiðarinnar að stærsti hluti hennar sé í auðseljanlegum

eignum. Tryggingasjóður innstæðueiganda og fjárfesta sem rekin er skv. lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta ábyrgist ekki greiðslur úr fjárfestingaleiðinni.

Hver er kostnaðurinn?

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur Verðbréfareiðar. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Kostnaður yfir tíma

Tölflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir, hve

lengi þú átt afurðina og hvernig afurðin stendur sig. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð á ráðlögðum fjárfestingartíma.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er

gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu sviðsmyndinni.

Fjárfesting upp á 100.000 kr. á ári	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	492 kr	4.033 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,47%	0,47%

*Þetta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 9,41% fyrir kostnað og 8,94% eftir kostnað.



Eftirfarandi er útlísta á þeim kostnaði sem fellur til við rekstur Verðbréfaleiðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú selur eftir 3 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngukostnað	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað	0%
Viðvarandi kostnaður sannreindur hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar stjórnsýslu- eða rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum. 0,14% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði sl.ár.	0,14%
Viðskiptakostnaður	0,33% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið er keypt og selt.	0,33%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangurstengdar þóknarir	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna tekur ekki þóknun fyrir rekstur séreignaleiða sinna. Einungis er dreginn frá kostnaður sem er tilkominn vegna rekstrar séreignaleiðanna. Enginn kostnaður er tekinn fyrir að flytja inneign milli fjárfestingarleiða og til annarra vörsluaðila.		

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjármálamörkuðum og hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 7 ára eignarhaldstíma.

Útgreiðslureglur

Séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og tilgreind séreign frá 67 ára aldri, með möguleika á að hefja töku frá 62 ára aldri með dreifðum greiðslum. Hægt er að nota séreign og tilgreinda séreign til lækkunar lána eða kaupa á fyrstu fasteign samkvæmt gildandi lögum. Við örorku eða andlát er séreign greidd út skv. lögum og samþykktum.

Erlendir ríkisborgarar utan EES og EFTA (nema Bandaríkjunum og Kanada) geta fengið iðgjöld endurgreidd við flutning úr landi.

Uppsögn

Heimilt er að segja upp samningi í séreign eða gera breytingu á ráðstöfun iðgjalds í tilgreindri séreign með tveggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til sjóðsins. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu. LV hefur ekki heimild til að segja upp samningi gagnvart sjóðfélögum.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að hafa samband við ráðgjafa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í síma 580 4000 eða senda tölvupóst á live@live.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli?

Umsókn um útgreiðslu þarf að berast fyrir 20. dag þess mánaðar sem útgreiðsla á að hefjast. Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar og miðast inneign við nýjasta gengi sjóðsins. Engin lágmarksfjárfesting er í Verðbréfaleið.



Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

Um samþættingu áhættu tengdri sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) varðar starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skv. lögum nr. 25/2023 um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

SFDR reglugerðinni er ætlað að auka gagnsæi, tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir.

Samkvæmt 6. gr. SFDR reglugerðarinnar skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um séreignarsparnað er gerður.

Á vef LV eru upplýsingar varðandi:

1. samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökuferli fjárfestinga (gr. 3 í SFDR)
2. neikvæð áhrif fjárfestingaákvarðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact on sustainability factors, PAI) (gr. 4 í SFDR)
3. samþættingu sjálfbærniáhættu í starfskjarastefnu (gr. 5 í SFDR)

Lífeyrissjóðurinn vinnur að mótun og innleiðingu stefnu um ábyrgar fjárfestingar og aðra þætti sem varða mat á sjálfbærniáhættu og samþættingu mats á sjálfbærniþáttum við fjárfestingarákvarðanir. Nánari upplýsingar verða veittar um það þegar fram líður.